

95
20. júlí. Eptir að skrifazt hefir verið á út af þessu við aðalstjórn skattamála, skal til þókn-
anlegrar leiðbeiningar þjónustusamlega tjáð, að samkvæmt hjá lögðum eptirritum¹ eptir
álitsskjali frá yfrumsjónarmönnum tollheimtunnar í Kaupmannahöfn með fylgiskjali, sem
aðal-skattamálastjórnin hefir útvegað, stendur líklega svo á þessum umrædda mun á farm-
skrárviktinni og tollskrárviktinni á rjótóbakinu, að af því að það er svo saggamikið, að
það ljettist á skömmum tíma, setja þeir, sem senda vöru þessa frá sjer til sölu, viktina á
henni á farmskránni minni en hún er í raun og veru, þegar hún er flutt af stað, til þess
að komast undan umkvörtunum frá hálfu viðtakanda.

96
24. júlí. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um húsagjörð á umboðs-*
jörð eptir bruna. — Samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 31. júlí f. á. hafði þjer, herra
landshöfðingi, með þóknalegu brjefi frá 17. maí þ. á. sent hingað eptirrit eptir skoðun-
argjörð og lýsingu á húsum á jörðunni Gröf, sem er í vesturhlutanum af jörðum
Munkaverárklausurs, er nýlega hafa verið byggð upp eptir bruna og síðan afhent á-
búendunum með þessari skoðunargjörð, og í annan stað hafði þjer sent hingað skýrslu um
útlát þau, er hin nauðsynlegu viðarkaup til húsagjörðarinnar hafa haft í för með sjer,
og sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafði leyft að greiða mætti
úr sjóði klausturjarðanna, í von um samþykki ráðgjafans, og hafa þau síðan verið sett á
reikninginn fyrir 1874 og eru talin 881 kr. 31 eyrir.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknlegrar leiðbeiningar og birting-
ar, meðal annars fyrir hlutadeigandi reikningsskoðanda, að ráðgjafinn samþykkir eptir at-
vikum, að umgetinn byggingarkostnaður hefir verið greiddur úr umboðssjóði, þó að und-
anskildu því af hinni tilgreindu upphæð, er umboðsmaðurinn hefir reiknað sjer í þóknun
fyrir eptirlit með húsagjörðinni, því eptirlit þetta hlaut að liggja á honum sem umboðs-
manni, án sjerstaklegs endurgjalds.

97
11. ágúst. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um samskotasjóð*
Jóns Eiríkssonar. — Samkvæmt bendingu háskólagjaldkerans hefir ráðgjafanum sýnt
það rjettast, vegna breytingar þeirrar, sem orðin er á stjórn Íslands, að samskotasjóður Jóns Ei-
ríkssonar handa prestum í Hólabiskupsdæmi, er áður var, sem til þessa hefir verið undir stjórn
tjeds gjaldkera, með yfrumsjón kirkju- og kennslumálastjórnarherrans, verði fluttur til Íslands,
þannig, að honum verði stjórnað af yður, herra landshöfðingi, með yfrumsjón ráðgjafans
fyrir Ísland. Samkvæmt skilagrein háskólagjaldkerans eru eignir sjóðsins fölgnað í inn-
ritunarskrifteini, ltr. L, fol. 31, er nemur 13,400 krónum, og 402 kr. í peningum, og
eru það vextir fyrir missirið til 11. desbr. 1875 268 kr. og fyrir hálfmissirið til 11. marz
þ. á. 134 kr.

Um leið og þetta er tjáð yður til þóknlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir biskupi og
eptirbreytni, skal ekki undanfellt að senda umgetið innritunarskrifteini, er búizt er við að

1) Í skjölum þessum er meðal annars yfirlýsing frá Nobel tóbaksspunamanni, þar sem hann
skýrir frá, að það sje regla sín, að telja aldrei meir en 53 pd. í tóbaksströngli, þótt hann sje venju-
lega 6% þyngri, þegar hann er látinn úti, eða jafnvel eigi óvanalegt að viktin sje 8—9% meiri, ef tó-
bakið er sent af stað skömmu eptir að það er spunnið. Auk þess skýra yfrumsjónarmenn tollheimt-
unnar frá, að venjulegt sje að draga 15% frá viktinni á spunnu tóbaki, þegar reiknuð er út uppbótin
fyrir tollinn af innfluttum, óunnum tóbaksblöðkum.